

Stofnanasamningur

Verkalýðsfélagsins Hlífar, Hafnarfiði annars vegar og Sólvangs, hjúkrunarheimilis hins vegar, skv. kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Starfsgreinasambands Íslands hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

1. Gildissvið og markmið.

1. 1. *Gildissvið*

Samkomulag þetta nær til þeirra félagsmanna í Verkalýðsfélaginu Hlíf sem ráðnir eru til starfa á Sólvangi hjúkrunarheimili, Hafnarfirði.

1. 2. *Markmið*

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið

- a. – að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- b. – að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunarinnar.
- c. – að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.
- d. – að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn sína um kjör.
- e. – að fastar greiðslur, sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun.
- f. – að launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa.

2. Starfaflokkar og röðun í launaramma

Launakerfi stofnunarinnar byggir á flokkun starfa hjá félagsmönnum í Starfsgreinasambandi Íslands gr. 11. 3. í kjarasamningi aðila frá 7. apríl 2004, sem gildir frá 1. mars 2004. Raða skal starfsmanni inn í ramma í samræmi við eðli starfsins.

2. 1. *Launarammar*

Þegar metið er hvernig starfinu skal raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni. Tekið skal tillit til eftirfarandi:

- Starfsskipulags og/eða skipurits
- Umfangs starfs
- Ábyrgðar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkun:

STARF A (grunnröðun launafl. 7)

STARF B (grunnröðun launafl. 8)

STARF C (grunnröðun launafl. 9)

STARF D (grunnröðun launafl. 10)

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka.

3.1. Starfsreynsla

A-B C-D

Heimilisstörf má meta frá 19 ára aldri allt að 7 ára starfsreynslu, enda séu önnur störf á sama tíma ekki metin sem starfsreynsla.

- | | | |
|------------------------------------------------------------|---|---|
| a. Starfsmaður sem unnið hefur 3 ár við sambærileg störf. | 1 | 1 |
| b. Starfsmaður sem unnið hefur 6 ár við sambærileg störf . | 1 | 1 |

3.2. Menntun

Hafi starfsmaður sérám eða framhaldsnám sem nýtist í starfi og lokið er með viðurkenndri prófgráðu eftir 1-2ja ára nám, skal meta það sérstaklega

	1	1
--	---	---

Hafi starfsmaður sérnám eða framhaldsnám sem nýtist í starfi og lokið er með viðurkenndri prófgráðu eftir 3ja ára nám eða meira.

	1	1
--	---	---

Heimilt er að hækka þann sem lokið hefur námskeiði, sem nýtist í starfi með eftirgreindum hætti:

- | | | |
|------------------------------------------------------------------------------|---|---|
| 1. Starfsmaður sem sótt hefur 60 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi. | 1 | 1 |
| 2. Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi | 1 | 1 |

3.3. Mat á einstökum störfum innan ramma.

Við röðun einstakra starfa umfram það sem greint er í fskj. 1 er heimilt að hækka allt að 2 launaflokka alls ef starfsmaður/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur.

- Starfið felur í sér sérstaka stjórnunarlega ábyrgð, 1 launaflokkur.
- Starfið felur í sér flókin verkefni eða sérhæfingu, 1 launaflokkur.
- Starfið krefst sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist, 1 launaflokkur.
- Starfið felur í sér mikið álag m.a. vegna umönnunar sérstaklega erfiðra einstaklinga, 1 launaflokkur.

4. Endurskoðun

Eigi sjaldnar en annað hvert á getur hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu, ef breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar, einingar innan stofnunarinnar eða á störfum einstakra starfsmanna.

5. Gildistími

Aðilar eru sammála um að samningur þessi taki gildi 1. mars 2004.

Hafnarfirði 21. maí 2004.

f.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar

f.h. Sólvangs, hjúkrunarheimilis

Fylgiskja1 1

Starf flokkun til launaröðunar

Starf A

Starfsmaður við almenn störf sem unnin eru undir stjórn annarra s.s. störf í eldhúsi, þvottahúsi býtibúri eða við ræstingu.

Starf B

Starfsmaður í almennum störfum, sem vinnur við sérhæfð og/eða fjölbreytt störf eftir nánari skilgreiningu stofnunarinnar.

Starf C

Starfsmaður á almennum sjúkradeildum við umönnun sjúklinga, sem unnin eru undir stjórn annarra.

Starf D

Starfsmaður á almennum sjúkradeildum við umönnun sjúklinga, sem vinnur við sérhæfð og/eða fjölbreytt störf eftir nánari skilgreiningu stofnunarinnar.

Fylgiskjal 2

Röðunreglur

Reglurnar gilda um röðun starfa

Matartæknir

Matartæknir	I	byrjandi í starfi	Lfl.	10
Matartækniar	II	eftir eitt ár í starfi	Lfl.	13
Matartæknir	III	með verkstjórn /5 ár í starfi	Lfl.	14

Félagliðar

Félagliði	I	byrjandi í starfi	Lfl.	13
Félagliði	II	eftir eitt ár í starfi	Lfl.	15
Félagliði	III	með verkstjórn/eftir 5 ár í starfi	Lfl.	17

Enda sé starfsmaður ráðinn sérstaklega sem slíkur.